

Fundargerð

101. stjórnarfundur FHA haldinn 5. feb. 2018 kl. 12:00

Boðaðir voru stjórnarmenn og varastjórn. Fundinn sátu: Hjördís Sigursteinsdóttir formaður, Þorlákur Axel Jónsson ritari, Guðmundur Kristján Óskarsson gjaldkeri, Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir, Auðbjörg Björnsdóttir og Helgi Freyr Hafþórsson.

Dagskrá:

1. Næstu fundir
Ákveðið að funda 19. feb., 19. mars og 16. apr. á hádegi
2. Kjaramál
Fundatörn stendur hjá BHM vegna samráðs um „kjarasamningslíkan“ á vinnumarkaði sem ríkið tekur þátt í og lausra kjarasamninga.
Engar umræður eru um hækkun launa opinberra starfsmanna vegna skertra lífeyrisréttinda eins og þó hafði verið lofað. Þvert á móti – rætt er um krónutöluhækkanir á línuna að frumkvæði hins frjálsa vinnumarkaðar.
3. Fjarfundarbúnaður FHA
Stórinn felur AB og HFH að leggja tillögu um kaup á fjarfundarbúnaði/vélmenni fyrir félagið sem geti auðveldað fundarsókn fulltrúa okkar.
4. Mannauðsmálasjóður BHM
BHM ákvað að ráðstafa fé úr sjóðnum til þess að gera launakönnun og fá tilboð frá fyrirtækinu *Maskínu* til þess. Stjórnarmenn hvetji félagsmenn til þátttöku.
5. Jafnlaunavottun
Rætt.
6. Frysting námskeiða
Samkvæmt upplýsingum starfsmanns HA eru öll námskeið fryst áður en skóli hefst í samræmi við reglur þar um. HS ræði þessa skýringu við hlutaðeigandi félagsmenn.
7. Endurtökupróf
Farið er að öllum reglum samkvæmt upplýsingum starfsmanna HA. Eigi að halda þessu máli áfram, þarf að gera það út frá tilteknum dæmum sem ekki hafa komið fram.
8. „Reglan“ um 30% stundakennslu
Lítil sátt er við þessa stefnu í stjórn FHA. Rætt.
9. Starfsmannamál
Mörg viðfangsefni eru á vettvangi starfsmannamála. Starfsprot er skilgreint hugtak. Aðkoma FHA felst í því að formaður félagsins ver umtalsverðum tíma til þess að vinna slík mál. Þau eru unnin í trúnaði.

10. Eignarhald á efni sem félagsmenn skapa

Rætt um álitamál varðandi það hver eignarréttur félagsmanna sé að efni sem þeir skapa í starfi sínu við HA.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið klukkan 13:15

Þorlákur Axel Jónsson, fundarritari